

Reglur um þóknun og útlagðan kostnað skipaðra lögráðamanna.

1. gr.

Skipaður lögráðamaður á rétt á endurgreiðslu fyrir nauðsynlegan útlagðan kostnað vegna starfans. Yfirlögráðandi metur hvort útlagður kostnaður hafi verið nauðsynlegur, ef því er að skipta.

Yfirlögráðandi skal, við skipun lögráðamanns, taka afstöðu til þess hvort greiða eigi honum þóknun vegna starfans, sbr. 2. gr.

Ef greiða á lögráðamanni þóknun skal yfirlögráðandi kynna honum hvert sé eðlilegt umfang starfsins, bæði við upphafsstörf sem og regluleg störf eftir það. Að jafnaði skal miða við að eðlilegt umfang starfs sé 3-5 klst. í upphafi en 1-2 klst. á mánuði upp frá því, nema annað sé fyrirsjáanlegt.

Yfirlögráðandi skal að jafnaði gera samning við skipaðan lögráðamann þar sem tiltekin eru, eins og kostur er, helstu verkefni og skyldur hans og eðlilegt umfang þeirra, viðmið um útlagðan kostnað og, ef við á, þóknun vegna starfans. Báðir aðilar geta krafist þess að samningurinn verði endurskoðaður reynist forsendur starfans aðrar en talið var í upphafi.

2. gr.

Greiðsla þóknunar til lögráðamanns og/eða endurgreiðsla fyrir útlagðan kostnað hans er ávallt háð samþykki yfirlögráðanda. Krafa lögráðamanns um slíka greiðslu skal rökstudd og studd sundurliðuðum tímaskýrslum og öðrum nauðsynlegum gögnum að mati yfirlögráðanda. Yfirlögráðandi getur frestað greiðslu þóknunar og/eða endurgreiðslu útlagðs kostnaðar hafi lögráðamaður ekki lokið skýrslugjöf til yfirlögráðanda í samræmi við ákvæði 63. gr. lögræðislaga.

Telji yfirlögráðandi kröfu lögráðamanns óhóflega, ekki nægjanlega rökstudda eða byggða á ónauðsynlegum kostnaði, ákvarðar hann, að fengnum nánari skýringum, hvort og þá að hvaða marki krafan skuli greidd.

3. gr.

Ef skipaður lögráðamaður er náinn ættingi eða venslamaður hins lögræðissvipta skal honum að jafnaði ekki ákvörðuð sérstök þóknun nema um sérlega umfangsmikil störf sé að ræða, svo sem verulega eignaumsýslu.

Hafi ekki reynst unnt að skipa hinum lögræðissvipta lögráðamann úr hópi ættingja eða venslamanna skal að jafnaði ákvarða hinum skipaða lögráðamanni þóknun vegna starfans og skal þá miða við 8.000 kr. fyrir hverja unna klukkustund.

Hafi lögmanni eða löggiltum endurskoðanda verið falin lögráðamennskan skal þóknun þó miðast við 16.500 kr. fyrir hverja unna klukkustund.

4. gr.

Útlagðan kostnað og þóknun lögráðamanns skal að jafnaði greiða af eignum hins ólögráða. Yfirlögráðandi getur þó ákveðið að fé þetta skuli greitt úr ríkissjóði ef eignir hins ólögráða eru litlar eða ef aðrar sérstakar ástæður mæla með því. Skal í því sambandi sérstaklega horft til þess hvort greiðslur til lögráðamanns skerði möguleika hins lögræðissvipta til eðlilegrar framfærslu.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 2. mgr. 62. gr. lögræðislaga nr. 71/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.